

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **12.08.2020 Kl. 21:17**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Staða verkefna af fyrri fundum

- 1.1. Ingólfur Rafn Jónsson hefur verið gerður að formanni síðanefndar.
- 1.2. Tryggingar eru enn í vinnslu.

2. Samþykkt á milli funda

2.1. Stöðuskýrsla afreksstarfs (07.08.2020)

Yfirlit yfir stöðu og verkefni afreksstarfs til að senda á ÍSÍ var samþykkt með meirihluta stjórnar í tölvupóstsamskiptum.

3. Tillaga um að ráða til starfa sem íþróttastjóra

Ásdís leggur til að ráða Guðmund í 20% hlutastarf sem íþróttastjóra til að sinna afreks- og mótasviðið BFSÍ formlega.

Guðmundur vék af fundi við meðferð málsins.

3.1. Samþykkt einróma.

4. Tillaga um kaup á búnaði fyrir mótahald

Guðmundur leggur til að BFSÍ festi kaup á ýmsum búnaði sem þarf til að halda mót (tölvur, spjaldtölvur, skjáir, o.þ.h.) Jafnvel þó að kostnaður fyrir búnað sé útlistaður í fjárhagsáætlun 2020 þykir við hæfi að leita samþykki stjórnar áður en farið er í fjárfestingu að þessu tagi.

4.1. Samþykkt einróma.

4.2. Guðmundur tekur málið að sér.

5. Umræða um Íslandsmót Innanhúss 2021

Umræður um áhrif COVID-19, dagsetningar næstu Íslandsmóta og þróun þátttöku félaga í líðakeppnum.

6. Umræða um bókhald

Umræður um stöðu bókhaldsmála og undirbúning 6 mánaða uppgjors.

Albert hefur tekið að sér bókhaldsmál að sinni en hefur heimild til að finna bókhaldsþjónustu til að sjá um það.

7. Umræða um laun starfsmanna

Almennar umræður um hvernig eigi að háttla launum fyrir þá sem koma að hæfileikamótun og hvernig best væri að deila verkefnum um landið.

8. Tillaga um að halda fjarfund með formönnum félaga

Guðmundur leggur til að halda upplýsingafund með formönnum félaganna til að fara almennt yfir stöðu mála, áhrif COVID-19 á íþróttastarfið og að leggja fram uppgjör.

8.1. Ákveðið að halda umræðum áfram í tölvupósti.

9. Kynning á samstarfi við fyrrum Finnska landsliðsþjálfarann

Guðmundur kynnti betur samstarf við fyrrum Finnska landsliðsþjálfarann Miika Aulio í verkefni við við hæfileikamótun.

10. Tillaga um breytingu á reglugerð um íslensk mót

Guðmundur leggur til eftirtaldar breytingar á reglugerð um Íslensk mót:

Breyting á orðalagi úr keppnisgjaldi í þátttökugjald.

Skýrari kynjaskilgreiningar hvað varðar keppnisflokka.

Skýrari skilgreining á keppnisfélagi og orðalagsbreytingar.

Bætt við reglu um fjölda félagsskipta sem einstaklingur getur sótt um á ári, að gjald verði tekið fyrir skráningu á félagsskiptum.

10.1. Samþykkt einróma.

10.2. Guðmundur tekur að sér breytinguna.

11. Umræða um útgáfu dómabókar

Haraldur kynnti tilboð frá prentsmiðju um prentun á 50 stk. af handbók fyrir dómara. Stjórnin gaf almennt vilyrði fyrir tilboðinu.

12. Almennar umræður:

12.1. Afrekssjóður.

12.2. Upplýsingagjöf varðandi COVID-19.

12.3. Stofnun á landsliði.

12.4. Ungmennadeildin og þátttaka félaga.

12.5. Stjórnunarnámskeið ÍSÍ.

Fundi slitið kl. **23:21**